

**Vd.**

**328. Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka við lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Fyrir frumvarpsgreinina komi ný grein, er verði

1. gr. svo hljóðandi:

Þegar jörð í sjálfsábúð er til sölu, skal sá hafa forkaupsrjettinn, er sækir um ábúð á henni. Nú sækja fleiri en einn um ábúðina, og selur seljandi þá þeim, er fær ábúðina.

2. Á eftir 1. gr. komi ný

2. gr. svo hljóðandi:

Nú afsalar sá sjer forkaupsrjetti, er hann hefir samkvæmt 1. gr., og öðlast þá sveitarfjelag það, er jörð liggur í, forkaupsrjettinn.

3. Fyrirsögn frv. orðist svo:

Frumvarp til laga um forkaupsrjett á sjálfsábúðarjörðum.